

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Norðurál Grundartanga Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	24.11.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál Grundartanga	<b>Eftirlitsmaður</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702972609	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinunn Dögg Steinsen	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bríet Ó Magnúsd/Gísli Bragason	<b>Staðsetning</b>	365596,685 431351,563

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinni reglubundnu vettvangsheimsókn ársins. Eftirlitið var annars vegar á fjarfundi þar sem að farið var yfir gögn þann 24. nóvember og hins vegar með skoðunarferð um svæðið dags. 27. nóvember.

Eitt frávik frá starfsleyfi kom fram er varðar árlegt mat á losun PAH, þungmálma, díoxíns og fúrans. Einni ábendingu var einnig komið á framfæri varðandi skráningar á förgun stórsekkja í magntölum úrgangs.

### UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður mengunarmælinga sbr. grein 4.1 í starfsleyfi
- Prófun og kvörðun eftirlitsbúnaðar
- Losun í flæðigryfjur, eftirlit og vöktun.
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsóknar
- Önnur mál

1. Farið var yfir ársfjórðungsskýrslur og skráningar á losun skv. starfsleyfi. Þegar eftirlitið fór fram var verið að vinna að ársfjórðungsskýrslu fyrir 3. ársfjórðung og var hún send eftirlitsaðila þann 10. desember sl. Meðaltal losunar árið 2019 er 0,39 kg flúor 0,7 kg ryk og 8,6 kg SO<sub>2</sub> á hvert framleitt tonn af áli. Niðurstöður mælinga eru allar innan starfsleyfismarka það sem af er ári. Samkvæmt starfsleyfi ber að meta losun PAH, þungmálma, díoxíns og fúrans árlega en það mat liggur ekki fyrir en mælingar á þessum efnum voru gerðar árið 2016. Unnið er að skelhreinsun í hreinsivirki 1 og í kjölfarið verður farið í viðgerð á blásurum. Bilun í blásurum hefur ekki leitt til losunar umfram starfleyfismörk.

2. Samanburðarmælingar á flúor, SO<sub>2</sub> og ryki í útblæstri voru framkvæmdar af NMÍ í sumar en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir. Aneco sá um kvörðunarmælingar í júlí sl. og er unnið að því kvarða mælana í samræmi við það. Farið var yfir niðurstöður kvörðunarmælinganna en ekki voru teikn um miklar skekkjur í mælunum.

3. Farið var yfir skráningar á magni og tegund þeirra efna sem fara í flæðigryfjur. Rætt var um möguleika á að koma þessum efnunum í endurvinnslu eða endurnýtingu þar sem að það er ákjósanlegri farvegur en urðun í flæðigryfjunum. Skerpt hefur verið á verklagi við losun ryks úr sekkjum en leitast er við að tæma pokana og koma þeim í viðurkennda förgun.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsóknar verður uppfært í lok árs út frá niðurstöðum í eftirliti og áhættuflokkunin og tíðnin þá endurmetin í kjölfarið.

Í skoðunarferðinni var gengið um kerskála og að hreinsivirki 1. Þá var keyrt niður að flæðigryfju og fylgst með tæmingu ryks úr stórsekkjum. Ekki var tilefni til athugasemda og almennt gott skipulag og umgengni á þeim stöðum sem skoðaðir voru.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

Grein 4.1 í starfsleyfi

Árlega skal meta losun PAH efna sem og heildarlosun þungmálma, PCDD og PCDF en slíkt mat hefur ekki farið fram frá síðustu mælingum sem voru gerðar 2016.





## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að halda skráningar um urðun stórsekkja utan og skila þeim upplýsingum með magntölum úrgangs í gagnagátt Umhverfisstofnunar árlega.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hefur unnið að umhverfisþáttgreiningu í fyrirtækinu í þriðja sinn frá árinu 2013. Greiningin er gerð með þátttöku alls starfsfólks í verksmiðjunni og eru niðurstöðurnar nýttar til að setja umhverfismarkmið og forgangsráða umbótaverkefnum.

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.01.2021

  
Halla Einarsdóttir

